

Ágústa Björnsdóttir



f. 17.2. 1917 d. 15.1. 1999

Ágústa Björnsdóttir var heimilisvinur í Múlakoti, mikil ræktunarkona og lengi í stjórn Garðyrkjufélags Íslands. Hún var sæmd gulllaufi félagsins á aldarafmæli þess, fyrst kvenna. Hún var vinsæll þáttagerðarmaður hjá Ríkisútvarpinu og annaðist þáttinn Blóm vikunnar hjá Morgunblaðinu í mörg ár. Hún lést árið 1999

Garðurinn í Múlakoti

Mikilsverður árangur af lífsstarfi íslenskrar merkiskonu.

Birt 28.7. 1940 í Vísi Sunnudagsblað

Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti á sjötugsafmæli þessa dagana. Hún er elju- og dugnaðarkona hin mesta, og hún hefur reist sér ódauðlegan minnisvarða í lifanda lífi, þar sem trjágarðurinn í Múlakoti er. Frú Guðbjörgu má kalla brautryðjanda á sviði trjáræktar við heimahús, því að fjöldi kvenna hefir tekið sér hana til fyrirmyndar. Ungfrú Ágústa Björnsdóttir, sem lesendum Sunnudagsblaðsins er kunn fyrir ferðasögu og landslagslýsingar skrifar eftirfarandi grein um garðinn í Múlakoti og lífsstarf frú Guðbjargar Þorleifsdóttur.

Mörg ár eru nú liðin frá því að skrudgarðurinn í Múlakoti varð að takmarki þeirra, sem ferðuðust austur í Fljótshlíð. Hinn undurfagri trjáa- og blómagarður hefur vakið óskipta aðdáun flestra þeirra sem þar hafa komið, - enda ekki að ástæðulausu, því útlit garðsins bendir til þess, að mörg handtök hafi þar unnin verið af einstakri umhyggjusemi og ást til lífsins, sem þar hrærist. Fæsta, sem garðinn skoða, mun gruna, að sá gróður sem þar þróast, hafi að mestu öðlast hinn fagra og fulla þroska sinn fyrir umönnun og aðhlyningu einnar konu, konu, sem allt frá fyrstu búskaparárum sínum hafi haft um stórt heimili að annast, konu, sem um fleiri ára skeið hefir átt við erfiðan sjúkdóm að stríða. Hin þróttmiklu tré í Múlakotsgarðinum eru nú af bernskuskeiði, þau elstu fylltu 43. aldursár sitt s.l. ár, en fóstura þeirra, Guðbjörg Þorleifsdóttir, er nú orðin 70 ára að aldri. Guðbjörg fæddist í Múlakoti 27. júlí 1870, foreldrar hennar voru þau Þuríður Jónsdóttir og Þorleifur Eyjólfsson, þá búandi hjón á staðnum.

Snemma fer að bera á ást Guðbjargar til blómanna. Ofurlítill telpuhnokki fagnar hún fyrstu vorblómunum af heilum hug, og ekki er hún eldri en 6 eða 7 ára þegar hugur hennar tekur að sveigjast inn á þá braut, sem mest hefur einkennt lífsstarf hennar, nefnilega að koma sér upp blómagarði þar, sem hún sjálf og aðrir geta leitað yndis og friðar. Fyrsti blómagarður Guðbjargar er á lítilli syllu í berginu fyrir ofan bæinn, skryðir hún garðinn sinn með mörgum blómategundum, sem hún slítur upp, og nefnir Hamrahlíð. En ekki unir hún lengi við þennan garð, því fljótt vilja þau sölna blómin, sem slitin eru upp án róta, og tekur hún þá til bragðs, að setja blómin í vatn og með því móti getur hún haldið þeim lifandi í nokkra daga í senn. Ekki gerir þessi garður Guðbjörgu litlu þó ánægða nema um stundarsakir, og brátt rekur að því, að hún heyrir talað um að sumstaðar láti menn blóm vaxa í leirpottum, sem látnir eru standa í gluggum húsa þeirra, en þar sem Guðbjörg hefur ekki tök til þess að eignast slíka potta, biður hún kunningja sinn á næsta bæ að smíða kassa, sem hún geti haft í glugga sínum og sáð þar fyrir blómum. Er þetta gert og Guðbjörg tekur nú þegar að safna ýmsu fræi úr korni og sáir í kassann, fær síðan leyfi hjá foreldrum sínum til þess að láta kassann standa í glugganum, en það er veitt fyrir mestu náð, því síst þykir svört moldin vera til prýði. Ekki líður þó á löngu þar til árangur fer að sjást, og ótakmörkuð er sú ánægja, sem hinir fyrstu blómknappar þar veita hinni ungu blómelskandi stúlku.

Líða svo nokkur ár og Guðbjörg annast blómin sín með mestu umhyggjusemi. Þá er það einhverntíma um sumar, að móðir hennar kemur heim úr kaupstaðarferð og færir henni tvo blómsturpotta og rósaafleggjara í þá. Guðbjörg verður frá sér numin af gleði og finnst nú ekkert geta skyggt á ánægjuna, nema hvað hún óttast að glugginn verði heldur rúmlítill, þegar blómin taka að þroskast, en á þeim tímum dugir lítt að fást um slíka hluti. Og litla stúlkan í Múlakoti slítur barnsskónum og annast blómin sín af mikilli nærgætni. – Svo koma unglingsárin og Guðbjörg fer að lesa sögur og ævintýri, þar finnur hún fyrir lýsingar á unaðslegum aldingörðum, sem þegar hrífa huga hennar. Hugmyndaflugið opnar henni innsýn í hina fegurstu skryðgarða þar, sem þéttar laufkrónur lykjust yfir höfði þeirra, sem þar leita hvíldar og teiga ilminn af margvíslegustu blómum. Þessar hugsanir gagntaka huga ungu stúlkunnar, sem daga og nætur dreymir um að eignast eitthvað þessu líkt, en til þess sér hún þó engin ráð, því hjá henni er fátt fyrir hendi um slíkar framkvæmdir, nema áhuginn einn, þótt hann sé vitanlega fyrsta skilyrðið, en það er nú ávalt svo, „að maðurinn lifir ekki á einu saman brauðinu“.

Unglingsárin líða og Guðbjörg verður fullþroska kona. Árið 1893 giftist hún Túbal Magnússyni, en hann var þá ráðsmaður hjá Þuríði móður hennar, sem orðin var ekkja, og vorið 1897 taka ungu hjónin við búinu. Þessi árin hefur áhuginn fyrir því að koma sér upp blómagarði, glæðst hjá Guðbjörgu – og nú koma framkvæmdirnar sjálfar. Vorið áður hefur Guðbjörg fengið svolítinn blett af garðinum fram undan glugganum, til þess að planta þar nokkrum skrautjurtum. Ekki var sá garður stór, sem vænta má, að eins tveir faðmar á lengd og hálfur annar á breidd og girðingin umhverfis hann er úr silunganeti og birkilurkum, en þrátt fyrir það, er þetta hinn fyrsti vísir að þeim garði, sem nú er í Múlakoti, og svo mjög rómaður fyrir fegurð. Blómin sem Guðbjörg setur í þennan fyrsta garð, dafna vel yfir sumarið, en svo kemur haustið og þá sér hún, að ekki muni blómin hennar lifa af vetrarkuldana í þessum ófullkomna reit; til þess að vel fari þarf hún að fá skjólbetri girðingu. Nágranni hennar hefur rífið bæ sinn um sumarið og byggt sér timburhús. Dettur Guðbjörgu þá í hug, að leita til hans um lán á nokkrum ónýtum sprekum, og verður nágranninn þegar við bón hennar, og getur hún nú varið blómin sín fyrir kulda fyrsta vetrarins. Gengur svo um hríð, uns Guðbjörg verður þess fullviss, að tré megi ekki vanta í garðinn hennar. Nú er úr vöndu að ráða. Sunnan vatnaklasans, er skilur sveitina hennar frá Eyjafjöllum, er Nauthúsagil, þar er undurfögur reyniviðarhrísla, sem mörgum er kunn. Guðbjörgu er það ljóst að ekki mun hún einfær um að komast þangað og biður því bróður sinn, Eyjólf (sem nú er dáinn) að fara þangað í plöntuleit. Skömmu síðar færir Eyjólfur systur sinni þrjár ofurlitlar reyniviðarplöntur, ekki eru þær stærri en svo, að þær komast fyrir í vasaklútshorni hans. En fyrir Guðbjörgu er þetta dýrmætur fjársjóður; setur hún plönturnar niður

með mestu nákvæmni og les yfir þeim sínar bestu bænir. Sama vorið finnur hún einnig nokkrar birkiplöntur, sem hún setur í litla garðinn sinn. Þegar hér er komið sögu hefur Guðbjörg eignast tvö börn, svo hún hefur ærið að starfa og hugsa um. Þrátt fyrir það gleymir hún ekki litlu fósturbörnunum sínum í garðinum, og eftir sem áður gefur hún þeim að drekka og hlúir alúðlega að þeim, þau þroskast og dafna og það vekur hjá henni sanna sælu. Þó sér hún, að brátt muni þörf á fullkomnari girðingu. Eitt sumarið eru rifnar tvær kirkjur í sveitinni og timbrið úr þeim selt á uppboði. Sér Guðbjörg sér þá leik á borði til að kaupa hentugt girðingarefni, og fær þar milligerð, sem verið hafði á milli kórs og framkirkju, og með þessu er garðurinn girtur, og líður nú ekki langur tími þar til vegfarendur taka að veita litla garðinum athygli, enda er slíkt mjög fátítt í þá daga. Líða nú svo nokkur ár, og í tómsundum sínum annast Guðbjörg garðinn sinn með mestu kostgæfni, litlu trjáplönturnar eru orðnar að laglegum hríslum og auk þess hefur Guðbjörg fengið ribsvið, sem þegar gerist heldur rúmfrekur, og þar sem svo er orðið þröngt um fósturbörnin, finnur hún hjá sér brýna nauðsyn til þess að færa út kvíarnar. En á þeim tímum er langt frá því að slíkt sé talið til neinna nauðsynja, þó fer svo að Guðbjörg fær garðinn stækkaðan um helming. Enn líða nokkur ár, uns aftur fer að gerast fullþröngt um trén, sem farin eru að bera fullþroskaða ávexti. Guðbjörg fer að leita nýrra plantna og kemst loks að raun um, að í garðinum er allt krökkt af reyni, birki, ribs og víðiplöntum og veitti þessi uppgötvun henni mikla gleði. Hún útbýr sér lítið beð, sem hún nefnir Vöggu, og þangað flytur hún litlu plönturnar, sem ekki ná að þroskast undir skuggsælu laufpaki trjána.

Árin líða hvert af öðru og trén og blómin stækka og þroskast. Guðbjörg sér að enn er garðurinn of lítill fyrir hinn kröftuga gróður, sem þar er, hún biður þá manninn sinn að láta sér eftir allan garðinn, sem er framundan húsinu þeirra og verður hann við bón hennar. Matjurtagarð gerir hann sér annarsstaðar, til þess að uppskeran þurfi ekki að minnka. Guðbjörg hefur eignast 20 kr. Í peningum, sem hún sendir til Reykjavíkur og fær fyrir þær vírnet, sem nægir til að girða garðinn með. Það er ekki lítið verk sem Guðbjörg á fyrir höndum, - sjálf hefir hún nú eignast 4 börn, heimilið er stórt og þarf á kröftum ötullar húsmóður að halda, en hún er þá þegar farin að kenna þess sjúkdóms sem hún alla tíð síðan hefir átt við að stríða, en sem þó ekki, þótt næsta undarlegt megi virðast, hefir tekist að lama hið mikla starfsþrek hennar svo að hún hafi þurft að láta af skyldustörfum sínum. Við, sem erum henni kunnug, undrumst það líkamsþrek, sem hún hefir til að bera, þegar þess er gætt, hve lítillar fæðu hún hefir getað neytt í öll þessi ár. Guðbjörg hefir með aðstoð mannsins síns að mestu komið garðinum upp á eigin kostnað, og lítills styrks notið af opinberu fé. Menntunar í garðrækt hefir Guðbjörg ekki notið utan þeirrar, sem reynslan hefir látið henni í té. – Útlit og frágangur garðsins ber þess ljósan vott, að margar muni þær stundirnar, sem unnið hefir verið að fegrun og aðhlyningu gróðursins þar, enda voru þau mörg sumarkvöldin, sem Guðbjörg vann þar fram á nótt, þegar aðrir á heimilinu voru lagstir til hvíldar.

Og nú er svo komið að Múlakotsgarðurinn er orðinn kunnur flestum landsmönnum og á sumri hverju koma þangað mörg hundruð manns til þess að skoða hann og allir ljúka á hann mesta lofsorði. Elstu trén eru nú orðin 7 – 8 metrar á hæð og þegar inn í garðinn kemur, lykja þau hinum fögru laufkrónum sínum hátt yfir höfðum manns – þessi tré munu nú eiga margan efnilegan afkomandann víðsvegar um landið, ekki er ólíklegt, að þeir skipti orðið þúsundum. Trjátegundir þær, sem nú eru í Múlakotsgarðinum, munu vera um 10, má þar af nefna reyni, björk, víði, ribs og furu, og ennfremur eru þar þróttmiklir burknar, ilmandi mjaðurt, glæst keisarakróna og fjöldi annarra blómategunda, innlendra og útlendra, sem ég kann ekki að nefna. – Ilmurinn er unaðslegur og litirnir margvíslegir, og þegar dimma tekur á haustin, eru tendruð marglit rafmagnsljós innan um trjálimið og ekki dregur það úr aðdráttarafli garðsins. Garðurinn hefur nú verið vandlega girtur, og fyrir nokkrum árum var þar reist lítið og snoturt hús, sem skreytt er fjölda blómategunda. Annarsvegar við skrudgarðinn er allstór matjurtagarður, sem Guðbjörg einnig annast með þryði, en hinsvegar er annar trjágarður sem tilheyrir austurbænum (í Múlakoti er tvíbýli) og er hann einnig mjög fallegur. Í vor kom Guðbjörg upp

litlu vermihúsi, hituðu með rafmagnsljósum, þar gerir hún tilraun til þess að rækta, tómata, vínvið og jarðarber, en kuldar hafa verið svo miklir í sumar, að enn er óvíst hver árangur verður af þeirri tilraun.

Gömlu hjónin Guðbjörg og Túbál hafa nú brugðið búi og einkasonur þeirra, Ólafur, tekið við, og eru þau til heimilis hjá honum. - Enn heldur Guðbjörg vel andlegu atgjörfi sínu og starfsþreki, enn gengur hún til vinnu sinnar innanhúss og utan, þótt heilsunni hraki smátt og smátt, og enn hlúir hún, með umhyggjusemi, að fósturbörnum sínum í garðinum. – Guðbjörg á miklar þakkir skilið fyrir sitt vel unna starf og fyrir þann áhuga, sem hún með starfi sínu hefir vakið meðal almennings um það að klæða landið skógi og fögrum gróðri. Nú orðið er það ekki óviðá, sem snotrum trjágörðum hefir verið komið upp, og er þess að vænta, að ekki verði langt að bíða þess, að laglegir trjá- og blómagarðar verði við hvern bæ og hvert hús á landinu, - en það yrðu þau laun, sem Guðbjörgu myndu dýrmætust fyrir viðleitnina í þá átt að skrýða landið og mun hún ávalt vera talin fremst í flokki meðan brautryðjenda á því sviði.

Fyrir mánuði síðan kom ég að Múlakoti seint um kvöld. Guðbjörg var þá enn úti við. Hafði hún allan eftirmiðdaginn verið að hreinsa garðinn sinn, sem óskaplegur stormur hafði farið mjög illa með tveim nóttum áður. Lauf trjánna hafði fallið í hrönnum, stönglar brotnað og blómhnappar fokið. „Garðurinn minn lítur ekki betur út nú, en venjulega í septemberlok“, sagði Guðbjörg og í svip hennar kenndi nokkurs sársauka. Morguninn eftir fór Guðbjörg á fætur fyrir allar aldir og hélt áfram að hreinsa garðinn sinn, þar til útlit hans var orðið svo gott, sem verða mátti.

Guðbjörg hefur alla tíð verið mjög vinsæl og notið óskiptrar aðdáunar allra þeirra, sem kynnst henni hafa, enda er hún góð og göfuglynd kona, sem lætur lítið á sér bera, og heimili hennar hefir jafnan verið orðlagt fyrir myndarskap og rausn, sem ef til vill hefir hjálpað til þess „að gera garðinn frægan.“

Á sjötugsafmæli þessarar merkiskonu, munu allir hennar kunningjar og vinir senda henni sínar bestu árnaðaróskir, og vona að guð muni gefa henni bjart og fagurt ævikvöld, og að hún fái að njóta þeirra krafta, sem hún þarfnast til að hlúa að fósturbörnunum sínum, sem hafa dafnað svo einstaklega vel undir handarjaðri hennar.